

48

28. maí

90. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, lög nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta greiðslu framlaga fara fram eftir lögum þessum á þeim nýbýlum, er eigi hafa notið fullnaðaraðstoðar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

49

29. maí

## L Ö G

### um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin starfrækir tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði. Nafn fyrirtækisins er Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Verkefni Tunnuverksmiðja ríkisins er að annast smíði á tunnum fyrir salt-síldarframleiðslu, saltkjötsframleiðslu og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

3. gr.

Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við milliríkjasamninga. Leitast skal við að vanda framleiðslu verksmiðjanna og gera hana samkeppnisfæra við erlenda framleiðslu um verð og gæði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurbæta verksmiðjurnar og búa þær húsa- og vélakosti, svo að fullnægt verði ákvæðum 3. gr. Nær heimild þessi til þess að byggja tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri, er rúmi allt að 50 þús. tunnum, og einnig til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjuhúsinu.

5. gr.

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi.

6. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af ákvæðum 4. og 5. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán, allt að 5 milljónum króna.

## 7. gr.

49

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74 29. des. 1934, annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hefur á hendi stjórn verksmiðjanna.

## 8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

## 9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði, og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

50

um menningarsjóð og menntamálaráð.

5. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Um menningarsjóð.

## 1. gr.

Hlutverk menningarsjóðs er að styðja íslenska menningu með því að efla listir og vísindi.

## 2. gr.

Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs. Menntamálaráð gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld menningarsjóðs. Skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Þegar sett hafa verið lög um vísindasjóð og Listasafn ríkisins, skal leita umsagnar stjórnna þessara stofnana um fjárframlög til þeirra, áður en fjárhagsáætlun menningarsjóðs er samin. Tekjum menningarsjóðs og þeirra stofnana, sem reknar verða á vegum hans, má eingöngu verja í þágu sjóðsins (sbr. 4. gr.).

## 3. gr.

Til menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

- a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
- b. Allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af réttvisinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af sams konar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþykktum.